

REGLUGERÐ**um matartækna.****1. gr.**

Rétt til þess að starfa sem matartæknir hér á landi og kalla sig matartækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Löggildingu samkvæmt 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi á matvæla-tæknibraut fjölbrautaskóla eða öðru prófi sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna.

3. gr.

Matartækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skuli fara samkv. lögum um eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af starfi.

4. gr.

Matartæknar skulu annast matreiðslu sérfæðis fyrir sjúka samkvæmt nánari skipun læknis eða annars sérfræðings undir handleiðslu og ábyrgð þeirra.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til matartæknistarfa aðra en þá sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt starfsréttindi hér á landi.

6. gr.

Um matartækna gilda að öðru leyti og eftir því sem við á, reglur læknalaga nr. 80/1969.

Reglur læknalaga gilda um viðlög við brotum í starfi, um sviptingu starfsréttinda réttinda og erdurveitingu.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1971. um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. apríl 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 50 19. febrúar 1976
fyrir Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar.****16. gr. orðist svo:**

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattskyldar eru samkvæmt 15. gr. skal greiða árlegan vatnsskatt, sem er 0.27% af heildarmati hverrar fasteignar, þó eigi minna en kr. 25 af m³ hverrar byggingar.

Gjalddagi skatts samkvæmt þessari grein er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts.

B 53

Endurprentað blað.